

Fjáröflun vegna haustferðar

Ákveðið hefur verið að breyta árlegri vorferð í haustferð. Verið er að selja klósettpappír, heimilisrúllur og lakkris til styrktar væntanlegum ferðalöngum.

VERÐLISTI

Klósettpappír 48. rúllur á kr. 3.500.-
Heimilisrúllur 12 rúllur á kr. 3.500.-
Blandaður Freyjulakkris 500 gr. á kr. 800. Þeir sem vilja styrkja ferðalangana eru hvattir til að nýta sér þessi frábæru kostakjör á þessari nauðsynjavöru.

Morgunfundir

Morgunfundir eru alla morgna og hefjast klukkan 09.00.

Munið frían morgunmat frá kl. 08.30 til 09.30

Allir að mæta!

Líkamsrækt í Laugum

Félagar í Klúbbnum Geysi fá afslátt af líkamsrækt í Laugum. Hafið í huga að tilkynna þarf þátttöku í Laugum til Esterar.

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **09.30** og **13.15** þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.

Við hvetjum félagana til að mæta á fundina.

Klúbburinn Geysir er opin allan virka daga frá kl. 08.30 - 16.00, nema föstudaga til kl. 15.00.

Félagslegt í maí

Fimmtudagur 5. maí
Sundferð og/eða ganga
Lagt af stað frá Geysi kl.16.00
Umsjón: Ester

Laugardaginn 7. maí
Hugarflugsfundur með félögum,
stjórn og starfsmönnum.
Kl. 10.00 - 14.00

Fimmtudagurinn 12. maí
Kaffihúsaferð
Lagt af stað frá Geysi kl. 16.00
Umsjón: Tóta

Fimmtudagurinn 19. maí
Grillferð í Nauthólsvík
Umsjón: Ragnheiður

Laugardaginn 21. maí
Opið hús 11.00 -15.00
Umsjón Victoria og Stefán
(ATH, farið verður í heimsókn í sauðburð ef næg þátttaka fæst. Nánari upplýsingar fást í klúbbnum.)

Fimmtudaginn 26. maí
Opið hús og opin hljóðnemi
kl.16.00 -20.00
Umsjón: Benni

Húsfundir!

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti staðurinn fyrir félagana til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Allir að mæta!

5. tölublað maí 2011

Litli - Hver

Heilsuvika og hugarflugsfundur



Með hækkandi sól fer hugurinn á flug og súrefnið í blóðinu margfaldast. Þá er um að gera að nýta kraftinn sem fylgir frjósömum ilmi vorsins til góðra verka. Geysisfélagar hafa ákveðið að efna til heilsuviku dagana 2. til 6. maí. Margt verður í boði fyrir félagana til að efla sálíkamlega heilsu; fyrirlestrar um heilsuefningu og jákvæð lífsviðhorf, morgunleikfimi, göngur, reykleysisnámskeið, gestakokkar og í lok vikunnar verður gengið á Úlfarsfell. Laugardaginn 7. maí verður svo boðað til hugarflugsfundar í Geysi með þátttöku félagana, starfsmanna og stjórnar. Hugarflugsfundur hafa verið haldnir áður í Geysi og eru mikilvægir í stefnumótun til framtíðar.

 KLÚBBURINN
GEYSIR
BYGGT Á OG REKID SAMKVÆMT ALÞJÓDLEGRI
HUGMYNDAFRÆÐI FOUNTAIN HOUSE

Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is
Facebook: Klúbburinn Geysir

Fréttir af húsfundum

Miðvikudagur 2. mars: Tilkynt var um að umsóknir tveggja félaga um þátttöku í úttektahópi ICCD hefur verið tekin til greina. Þá var fjallað um Geysisdaginn en hugmyndin er að halda sérstakan skemmtidag í samráði við nágranna með tónlist húsbandsins, flóamarkaði og fleiri uppákomum. Þá er komið að því að velja næsta erlenda sjálfboðaliða til starfa í Klúbbnum. Upplýsingar um sex áhugasama hafa borist. Hópur var valinn til að annast málið. Rætt var að næsta Evrópuráðstefna yrði haldin í Reykjavík. Fjárhagsstaða Klúbbsins er á sléttu og þykir nokkuð gott miðað við árferðið. Þá voru rædd atriði eins og þátttaka í mottumars, umgengnis-reglur, stofnun skreytingarnefndar og veitingahúsaferð.

Miðvikudagur 9. mars: Rætt um að stofna Hollvínafélag Geysis þar sem aðstandendur og aðrir velunnarar Geysis greiði t.d 1500 kr. í árlegan styrk. Rætt um opnanir og skemmtanir fyrir og um páskana meðal annars leiðsögn um Feneyja tvíæringinn. Teymi fyrir Litlu-ræktarrýmið. Rætt var um ljósmyndir á úthringilista, ferðasjóðinn og tekjur af dósasölu.

Miðvikudagur 16. mars: Umræða um húsnæðismál. Á að nota varasjóð til að kaupa núverandi húsnæði eða skipta um húsnæði? Reykjavíkurborg hefur ekki lækkað árlegan styrk. Rætt var um sölu Geysis á munum í Kolaporti. Þá var talað um samstarf notenda, aðstandenda og starfsfólks á Landspítala. Erlendis er sýndur áhugi á því að halda hér Evrópuráðstefnu. Kanna þarf fjárhags- og vinnuhlið.

Miðvikudagur 23. mars: Samráðsmálin innan Landspítala rædd frekar. Umgengnismál rædd svo sem neysla matar við tölvur. Þá var rætt um fjármál. Klúbbnum hafa borist nokkrir styrkir en hann þarf að leggja í nokkurn kostnað vegna ráðstefnu ICCD í sumar. Mikilvægt er að stjórnarmenn fari á ráðstefnuna en fjármögnun óviss. Kannaður verður áhugi á sameiginlegri ferð á Afann – leikritið í Borgarleikhúsinu. Rætt var um að fá uppfluttiaðgang að bókhaldskerfi klúbbsins sem síðan mætti breyta í skráningaraðgang. Þá var fjallað um þörf á RTR störfum. Nánar rætt um möguleika á að halda Evrópuráðstefnu á Íslandi 2012.

Hugarflugsfundur í
Geysi laugardaginn 7.
maí kl. 10.00 til 14.00

Dagskrá

10.00-10.15 Fundur settur og farið yfir vinnulag
10.15-12.00 Stefnumótun klúbbsins Geysis. Umræður, skipt í hópa og unnið í hópum
12.00-12.30 Matarhlé – samlokur í boði Geysis
12.30-13.15 Hópar tilkynna niðurstöður – umræður
13.15-14.00 Framkvæmdaáætlun 2011 – uppfærslur og breytingar út frá niðurstöðum hópa.
Allir félagar, starfsfólk og stjórn eru hvattir til að mæta. Veitingar í boði Klúbbsins Geysis. Mætum og tökum þátt í skemmtilegri vinnu með góðum félögum.

Markmiðssetning!

Kæri félagi!

Ef þú veist ekki hvert þú stefnir eða hvað þú vilt gera, gæti markmiðsáætlun hentað þér! Nú getur þú sem félagi í Klúbbnum Geysi valið þér stuðningsstarfsmann og gert með honum markmiðsáætlun.

Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast!

Publisher og Tölvuver

Kennsla í Publisher alla þriðjuga kl. 11.15 - 12.30.

Einstaklingsmiðuð kennsla í forritinu Publisher sem er m.a. notað til að búa til Hádegisfréttir og afmælskort.
Kennari: Benni

Kennsla fer fram í tölvuveri alla fimmtudaga frá 11.15–12.30.

Félagar geta áfram fengið einstaklingsmiðaða aðstoð á tölvur og unnið ýmis verkefni við innslátt í Word, tölvupóst og lært á Internetið.
Kennari: Elín.

Kynning á Fjölmennt

Anna Fía verkefnastjóri hjá Fjölmennt kemur og kynnis þau námskeið sem verða í boði á haustönn 2011. Ýmislegt áhugavert hefur staðið félögum til boða m.a. námskeið í tölvum og matreiðslu svo eitthvað sé nefnt.

Kynningin verður þriðjudaginn 24. maí kl. 14.00 og eru allir hjartanlega velkomnir!

Munum eftir heilsuvikunni 2. til 6. maí 2011. Fjöl-breytt dagskrá alla daga og heilsufæði í hádeginu.

ATOM Fréttir Atvinnu- og menntadeildar

Myndlistarmaður mánaðarins

Helgi Halldórsson fæddist á Sólvangi í Hafnarfirði þann 10. september 1971. Er Reykíkingur í húð og hár. Heldur með þrótti í íslensku og Liverpool fc í ensku með miklu stolti. Helgi er áhugaljósmyndari og er virkur meðlimur í á ljósmyndasíðum flickr.com & ljósmyndari.is. Helgi stundaði nám við Langholtsskóla & Réttarholtskóla og einnig Fjölbrautarskólann við Ármúla. Hann hefur starfað vítt & breitt meðal annars hjá Morgunblaðinu & Íslandspósti.is. Hann tók þátt í sýningunni Flickr flakk og heljarstökk sem sett var upp í Ljósmyndasafni Reykjavíkur árið 2007. Einnig birtust tvær myndir í bókinni Ljósár 2009. Einnig hefur hann sótt námskeið í Photoshop & ljósmyndavinnu hjá Tölvu & Verkfræðipjónustunni árið 2009 ásamt því að hafa sótt fjölmörg námskeið undanfarin ár.



Helgi horfir til
framtíðar.

Kynningar – og viðmiðunarreglugfundir

Kynningar- og viðmiðunarreglugfundir eru upplýsinga- og fræðslufundir og ætlaðir félögum og starfsfólki. Næstu fundir verða sem hér segir:

Kynningarfundur verður þriðjudaginn 10. maí kl. 15.00. Viðmiðunarreglugfundur verður þriðjudaginn 24. maí

Fréttir af RTR

Nýr starfsmaður í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða



Sveinbjörn tekur til hendinni í flaggskipi þjónustumiðstöðvarinnar.

Sveinbjörn K. Þorkelsson hefur störf í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða á Skúlagötu mánudaginn 2. maí. Í starfinu felst umsjón með skjalaskáp og kaffistofu auk annarra tilfallandi verkefna. Við óskum Sveinbirni til hamingju með starfið.

RTR störf sem eru að losna

Við viljum vekja athygli á RTR störfum sem eru að losna á næstunni.

▲ Starfið í Þjónustumiðstöðinni við Vítorg (Lindargötu 59) er laust frá og með 15. júní. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Benni og Ester

▲ Annað tveggja 25% starfa hjá Kynnisferðum á BSÍ er laust frá og með 1. júlí. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Ester og Stefán.

Við hvetjum alla sem áhuga hafa að kynna sér þessi störf hjá umsjónarmönnum þeirra.

Námsmærin okkar

Stefanía Ósk Ágústsdóttir er nítján ára félagsliðanemi í Borgó og verður tvítug í næsta mánuði. Hún er fædd og uppalin í Reykjavík. Byrjaði í starfsnámi í Geysi 4. apríl og verður til 6. maí hjá okkur.

Hvernig datt þér í hug að koma í starfsnám í Klúbbnum Geysi? Af mörgu sem var í boði leist mér best á Geysi, ég gerði ritgerð um klúbbinn og leist vel á starfseminum.

Hvernig líst þér á starfsnámið í Klúbbnum Geysi? Mjög vel ég átti að vera í páskafríi en ákvað að vera að vinna hér.

Áttu einhver áhugamál? Já fimleikar, ég er fimleikapjálfaári en hef ekki mikinn tíma fyrir áhugamál þar sem ég er í kvöldskóla og í Klúbbnum Geysi á daginn.

Ætlar þú að ferðast eitthvað í sumar? Já ég fer til Spánar í 3 vikur og vonandi í 9 vikur til USA.



Stefanía Ósk

Áttu gæludýr? Já chihuahua hund sem heitir Títus.

Hver er þinn uppáhaldslitur? Blár **Hvað tekur félagsliðanamið langan tíma?** Tvö ár með starfsnámi.

Í hvaða hverfi býrðu? Ég bjó í 13 ár í Grafarvogi, en bý nú í Árbænum ásamt tvíburabroður mínum og móður. **Í hvaða stjörnumerki ert þú?** Ég er í Nautinu.

Besta bíómynd? American History X.

Hvernig líkar þér Klúbburinn Geysir? Mér finnst æðislegt að vera í klúbbnum Geysi, kynnist margskonar fólki og fjölbreyttum störfum innan klúbbsins. Starfið er mjög líbó.



Heilsuvika 2011



Dagarnir 2. – 6. maí verða helgaðir heilsurækt og hollu líferni í Klúbbnum Geysi. Þessa daga munum við elda hollari mat en endranær og jafnvel fá gestakokka utan úr bæ til að hjálpa til við eldamennskuna.

Fjölbreyttir fyrirlestrar verða á dag-



skrá, svo sem kynning á skyndihjálpi, næringu og heilsu og fyrirbyggingu krabbameins. Auk þess verður aukin áhersla lögð á líkamsrækt, meðal annars með ástundun morgunleikfimi, hjólreiðum

og göngutúrum.

**ATH!: Matseðill er birtur með
fyrirvara um breytingar**

Maí 2011

Ganga kl. 10.30 alla daga vikunnar — Morgunfundur alla daga kl. 09.00 og ókeypis morgunmatur — Deildarfundir alla daga kl. 09.30 og 13.15

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
2 Fiskur og meðlæti <i>Gestakokkur: Erna frá Icelandic fish and chips</i> Starfsmannafundur kl. 10.00	3 Maríneraðar kjúklinga-bringur <i>Gestakokkur: Eyjólfur frá Saffran</i> Publisher 11.15	4 Árbítur/ Bröns að hætti Nítjándu Brabra kl 10.00 Húsfundur 14.30	5 Heilsuréttur að hætti Geysis Tölvuver 11.15	6 Heilsuréttur að hætti Geysis Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	7 Samlokur í boði Geysis <i>Hugarflugsfundur í Klúbbnum Geysis kl. 10.00-14.00</i>
9 Blómkálssúpa Starfsmannafundur kl. 10.00 Grikkir í heimsókn	10 Lifur Publisher 11.15 Grikkir í heimsókn	11 Steiktur fiskur Brabra kl 10.00 Grikkir í heimsókn	12 Hlaðborð Tölvuver kl 11.15 Grikkir í heimsókn	13 Gúllas m. kartöflust. Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00 Grikkir í heimsókn	14 Grikkir í heimsókn
16 Pasta m. osti Starfsmannafundur kl. 10.00 Grikkir í heimsókn	17 Fiskur í karrysösu Publisher 11.15 Grikkir í heimsókn	18 Grænmetisréttur Brabra 10.00 Húsfundur 14.30 Grikkir í heimsókn	19 Hlaðborð Tölvuver kl 11.15 Grikkir í heimsókn	20 Grillaðar samlokur Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00 Grikkir í heimsókn	21 <i>Opið Hús kl. 11.00-15.00 (Heimsókn í Suðburð ef næg þátttaka fæst)</i> Grikkir í heimsókn
23 Grjónagrautur og slátur Starfsmannafundur kl. 10.00	24 Ratatoullie Publisher kl: 11.15 14.00 Kynning frá Fjölmenn.	25 Fiskibollur Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	26 Hlaðborð Tölvuver kl. 11.15	27 Píta Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	28
30 Grænmetissúpa Starfsmannafundur kl. 10.00	31 Soðinn fiskur Publisher 11.15	1 Pasta Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	2 Uppstigningardagur LOKAÐ	3 Kjúklingur Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	4